

H V A L V A T N .  
- STÍFLAN OG MÆLINGAR VID ÓSINN -

Rvík 22. ág. '62  
P.S.

H V A L V A T N

## - stíflan og mælingar við ósinn -

Eg lagði leið mína upp að Hvalvatnsösi að kvöldi hins 21. ágúst '62. Ærindið var að koma fyrir vatnshæðarmælikvarða til bráðabirgða fyrir neðan stíflu þá, sem sett hefur verið í ósinn. Einnig skyldi ég athuga aðstaður við síritarann eftir að stíflan er komin.

Svo sem fyrr segir hefur stífla verið sett í ós Hvalvatns á að gizka 30-40 m neðan við síritarann. Þetta er steinsteypt stífla, nál. 20 metra löng og við endann á henni varnargarður úr möl og grjóti (þó ekki fullgerður enn). Á stíflunni eru tvö yfirföll og tvær botnrásir með stillanlegum lokum í. Yfirföllin eru um 9 m og 5 m á breidd og rúml. 140 cm yfir númerandi vatnsborði árinna. Milli yfirfallanna eru botnrásirnar, 125 cm breiðar hvor, og milli þeirra steinveggur ca. 35 cm breiður. Í botnrásunum eru stillanlegar lokur, timburhlerar, sem ganga í fölsum, inngreiptum í veggí opanna. Upp úr hvorum hlera miðjum gengur timburstautur með allmögum götum þvert gegnum. Hann liggur í gegnum stýringu dálítið ofan við stíflubrún, og eru sömuleiðis á henni tvö göt og tilgerður fleinn, sem gengur gegnum stýringuna og stautinn og heldur hleranum uppi. Má þar stilla stærð opsins á allmarga vegu. Í botnrásunum virðist ekki vera steyptur þróskuldur, heldur klapparbotn, en raunar nokkuð sléttur.

Að kvöldi hins 21. ágúst var stilling opanna slík, að nál. 50 cm voru frá neðri brúnnum hleranna niður að klöpp og ~~vantaði~~<sup>tn</sup> þá örlítið (2-3) cm) upp á hérana. Augljóst er, að þessi stífla veldur einhverri bakvatnshækkun og sömuleiðis leifar af bráðabirgðastíflu nokkrum metrum ofar í ánni, grjóthröngl, sem

ekki hefur með öllu verið fjarlægt. Má gizka á, að síritari hafi sýnt við þáverandi rennsli ca. 2-3 cm og háa vatnshæð, en sú skekkja eykst hratt, um leið og aðrennsli til vatnsins eykst. Yfirlöggjum stíflunnar leyfa um 140 cm hækjun á stöðu Hvalvatns. Um leið og yfir þau flýtur, eru aðeins um 10 cm frá vatnsborði upp að neðstu brún mælabúrs síritarans.

Eg gekk frá kvarða u.p.b. 200 m neðan við stífluna. Frágangur þar er allur óvandaður, enda náttmyrkur, rigning og þoka á, meðan að honum var unnið. Hann <sup>átti</sup> þó að geta staðið, meðan ekki frystir að marki.

Álestur á síritara var kl. 22 (eftir ísl. miðtíma) 163 1/2 cm og á bráðabirgðakvarðanum 15 1/4 cm.

Nú fyrst um sinn verður lesið daglega á vatnshæðarkvarðann við Stóra-Botn, vhm, en enn hefur ekki tekist að semja endanlega um tilhögun álestra á bráðabirgðakvarðann uppi við Hvalvatn.

Rvík, 22. ágúst 1962

Pórður Sigfusson